



Starfsleyfisskilyrði fyrir Mótun ehf Kt. 530208-0360

Gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingu og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. Almenn

Leyfið tekur til vinnslu með plastefni, smíði plastbáta og skylds rekstrar sbr. lið 3.10 um plastiðnað í fylgiskjali 2. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

IV kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 9412002 er fjallar um; húsnæði, lóðir og almenn skilyrði á borð við snyrtingar, birtu og loftræstingu.

III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrífnað lóðar.

Ákvæðum í auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.

2. Sérstækar kröfur vegna mengunarvarna

1. Í framleiðsluferli skal notast við bestu fánlegu tækni og lágmarka alla losun á styren efnunum. Það skal gert með vali á búnaði og nota sem minnst umhverfissaðleg efni, þ.e. efni sem hafa sem stystan líftíma í umhverfi og mynda sem minnstar efnaleifar.

2. Tryggja skal að ryk frá starfseminni valdi ekki nágrönnum eða nálægri starfsemi óþægindum eða skaða.

3. Allt ryk frá rykhreisibúnaði og uppsópi skal farið með í viðurkennda förgun. Frá því skal gengið með þeim hætti að ekki verði hætta á að það valdi vanda við flutning, meðhöndlun eða förgun.

4. Tryggja skal að útblástur frá fyrirtækinu skaði ekki eða valdi nágrönnum eða nálægri starfsemi óþægindum.

5. lágmarka skal geymslu lausamuna á lóð í samræmi við samþykkt skipulag lóðar. Um úrgang og úrgansílát skal þannig frágengið að ekki sé til lýta eða af stafi fok- eða slyshætta.

6. Eiturefni skulu geymd í læstu og vel loftræstu rými. Geyma skal önnur hættuleg efni og spilliefni þannig að ekki stafi hætta af. Spilliefnum skal komið í viðunandi förgun.

3. Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, eins og hún er hverju sinni.